

Samningur

Hafnarfjarðarbær kt. 590169-7579 og Kvartmíluklúbburinn kt. 660990-1199 hér eftir nefnt KK gera með sér svohljóðandi samning á grundvelli samstarfssamninga bæjarins og íþróttafélaganna:

1. gr.

Samningurinn er vegna uppbyggingar á kvartmílubrautinni. Verkefnið sem verið er að styrkja er endurbætur og breikkun á Kvartmílubrautinni, framkvæmdin tekur til jarðvinnu og malbikunar.

2. gr.

Hafnarfjarðarbær mun leggja til framkvæmdanna tvær óverðbættar greiðslur þ.e. 15mkr árið 2015 og 15mkr 2016. Greiðslur hvers árs fer fram eftir 1. apríl.

Greiðslur Hafnarfjarðarbæjar eru háðar því að verkefnið sé á samþykkttri fjárhagsáætlun hvers árs.

3. gr.

KK mun sjá um allar framkvæmdir samkvæmt fyrirliggjandi framkvæmdaráætlun. Áætlað er að hefja framkvæmdir við endurbætur á Kvartmílubrautinni 2015 og að þeim ljúki 2016.

4. gr.

Hafnarfjarðarbær hefur eftirlit með framkvæmdum og sér um að greiðslur úr bæjarsjóði verði ekki umfram framvindu framkvæmda hverju sinni. Áður en styrkur er greiddur mun KK framvísa reikningum sem sýnir sannanlegan kostnað að upphæð styrksins. Til verksins mun Umhverfi og framkvæmdir skipa sérstakan eftirlitsmann, sem mun sjá um eftirlit með verkinu og veita KK tæknilega ráðgjöf.

5. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Til staðfestingar undirrita samningsaðilar samning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Hafnarfirði, xx.03. 2015

F.h. Hafnarfjarðarbæjar:

F.h. Kvartmíluklúbburinn

Vottar að rétttri dagsetningu,
fjárræði og undirskrift aðila: